



Félag háskólakennara

Aðalfundur Félags háskólakennara haldinn miðvikudaginn 13. maí 2020

Michael Dal, formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 15:00. Hann lagði til að Sigríður Jónsdóttir verði fundarstjóri fundarins og var það samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vikna fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið félagsgjald, sbr. 7. grein laga og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. reglna um sjóðinn.
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 8. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 8. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar.

Michael Dal varaformaður félagsins flutti skýrslu stjórnar. Rakti hann helstu verkefni og störf stjórnar Félags háskólakennara starfsárið 2019-2020.

Í máli formanns kom m.a. fram að mikill tími stjórnar fór í gerð kjarasamnings félagsins. Kjarasamningur félagsins rann út 31. mars 2019 og hlé var gert á viðræðunum sumarið 2019. Viðræður fóru hægt af stað um miðjan ágúst. Vendipunktur varð í viðræðunum þegar fimm af samflotsfélögum BHM-12 sömdu við samninganefnd ríkisins (SNR) í lok október. Í kjölfarið ákvað samninganefnd félagsins að draga sig úr sameiginlegum viðræðum BHM-12 félaga og átti marga árangursríka fundi með SNR og samráðsnefnd HÍ um kjaramál. Samningaferlinu lauk með undirritun kjarasamnings þann 3. janúar 2020. Hann var samþykktur með 84,6% greiddra atkvæða félagsmanna. Einnig var skrifað undir stofnanasamning við HÍ sama dag. Í kjölfarið var unnið að endurnýjun stofnanasamninga við aðrar stofnanir.

Önnur mál sem stjórn félagsins hefur unnið að á starfsárinu eru m.a. endurskoðun vinnumatskerfisins, samræming kennsluformúla kennslu og ýmis mál sem hafa verið á borði samráðsnefndar HÍ um kjaramál s.s. SKREF, vinnufyrirkomulag almennt hjá félagsmönnum, akademískra sem og starfsmönnum stjórnsýslu, tilfærslur starfsþátta og málefni aðjunktanna I og II.

Félag háskólakennara hefur átt fulltrúa í ýmsum nefndum BHM og þannig tekið virkan þátt í starfi bandalagsins. Formaður félagsins hefur t.a.m. starfað sem varaformaður bandalagsins undanfarið tvö ár. Fulltrúar félagsins tóku þátt í norrænum fundi kennarafélaga í júní 2019 þar sem m.a. var rætt um vinnuaðstæður í háskólum Norðurlanda, ótímabundnar ráðningar og þúsaldarmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

Að lokum þakkaði formaður stjórnarmönnum vel unnin störf og gott samstarf, en hann hefur tekið þá ákvörðun að bjóða sig ekki fram til áframhaldandi starfa.

2. Ársreikningur.

Guðmundur Ingi gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2019. Rekstrarreikningur ársins 2019 sýndi tap á rekstri um rúmar tvær milljónir króna. Eignarstaða félagsins er góð og nemur handbært fé í árslok rétt rúmum 8 milljónum króna og kjaradeilusjóður á eignir sem nema rúmum 102 milljónum króna.

Baldvin formaður SFH gerði nánari grein fyrir rekstrarlegri stöðu Starfsþróunarsjóðs félags háskólakennara og tölulegum upplýsingum.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikning. Engar spurningar bárust.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð.

Formaður gerði grein fyrir afstöðu stjórnar um óbreytt félagsgjöld eða 0,55% af heildarlaunum félagsgjalda ásamt óbreyttri hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sem er 9,1% af félagsgjöldum.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillögur til lagabreytingar

Fyrir fundinum lá ein lagabreytingatillaga frá FEDON, félagi doktorsnema og nýdoktora við HÍ, um breytingu á 3. grein laga félagsins um aðild. Björn Reynir Halldórsson kynnti tillöguna fyrir hönd FEDON. Lagt er til að þriðja grein laga félagsins orðist svo:

„Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta orðið starfsmenn Háskóla Íslands og tengdra stofnana sem hafa a.m.k. BA/BS próf eða sambærilegt próf frá viðurkenndum háskóla. Félagsmenn eru allir þeir er greiða félagsgjöld.“

Í máli Björns Reynis kom m.a. fram að tillögu þessari er ætlað að sjá til þess að allir félagsmenn í Félagi háskólakennara sitji við sama borð, þegar kemur að atkvæðagreiðslu og kjörgengi á aðalfundi. Með því að aðalfundur greiði atkvæði með tillögunni eru félagsmenn að sýna fram á með táknrænum hætti að þeir vilji lýðræðislega breytingu í félaginu. Í máli Björns kom líka fram að þrátt fyrir að doktorsnemar taki sæti í stjórn félagsins þurfa þeir ekki að vera í samninganefnd, það væri ákvörðun stjórnar hverju sinni. Þá sanni nýlegt dæmi að tímabundin ráðning stjórnarmanns þurfi ekki að vera fyrirstaða fyrir kjörgengi í stjórn félagsins.

Baldvin Zarióh tók til máls fyrir hönd stjórnar félagsins. Hann nefndi þrjá punkta sem stjórn félagsins telur vera meginrök gegn því að doktorsnemar hafi kjörgengi og atkvæðarétt.

- Dokstosnemar eru skv. orðanna hljóðan nemar en ekki eiginlegir starfsmenn HÍ, sem ráðnir eru tímabundið í ákveðnar námsstöður.
- Starfshlutfall doktorsnema er oftar en ekki minna en 50% og því geta þeir átt rétt til aðildar í öðru stéttarfélagi af öðrum störfum þ.e.a.s. ekki er um aðalstarf hjá HÍ að ræða.
- Ekki þykir heppilegt að doktorsnemar sem ráðnir eru tímabundið á grundvelli rannsóknastyrkja undir leiðsögn kennara sinna, semji fyrir kennara og sérfræðinga með hæfnisdóm, jafnvel fyrir hönd leiðbeinanda síns.

Orðið var laust og Nanna Hlín tók til máls. Hún sagði frá því að á aðalfundi 2017 hefði hún haft hug á því bjóða sig fram til stjórnar, þá sem doktorsnemi, en komst svo að því að hún var ekki með kjörgengi stöðu sinnar vegna. Haldnir voru fundir með fulltrúum stjórnar félagsins og fulltrúa doktorsnema vegna málsins. Í framhaldi af þeim tók Lagabreytinganefnd til starfa og sjálf hefði hún staðið í þeirri meiningu að þessu ætti að breyta. Sú varð hins vegar ekki raunin, sem kom henni og fleirum mjög á óvart. Hún sagði málið væri lýðræðismál að allir þeir sem greiði til stéttarfélags ættu að geta kosið og boðið sig fram til stjórnar. Hún vildi hvetja fundarmenn að kjósa með tillögunni þar sem nauðsynlegt væri að þessi viðkvæmi hópur hefði fulltrúa í stjórn, sem hefði hagsmuni þessa hóps að leiðarljósi. Hún væri mjög reið vegna þessarar stöðu.

Björn Reynir tók þá aftur til máls. Hann sagði að FEDON hefði ekki átt fulltrúa í lagabreytinganefndinni árið 2018 og á meðan doktorsnemar hefðu ekki kosningarétt, gætu þeir ekki haft áhrif. Þeir vilja geta kosið og þeir vilja geta nýtt sér sinn lýðræðislega rétt.

Gengið var til atkvæða. Gerð var talning og rétt til kosningaþátttöku hafa 18 fundarmenn og því þurfa 12 að kjósa með tillögunni svo hún verði samþykkt, eða 2/3 hluta greiddra atkvæða. Fundurinn samþykkti að hafa kosninguna með handauppréttingu.

Atkvæði féllu þannig:

Já, sögðu 9, nei sögðu 7 og því var tillagan felld.

Fundarstjóri brýndi nýja stjórn félagsins til þess að koma málinu í farveg og gera tillögu til næsta aðalfundar sem getur sætt bæði sjónarmiðin.

5. Kosning stjórnar.

Tillaga kjörnefndar dags. 13. maí 2020 um formann og aðra stjórnarmenn lá fyrir eftirfarandi:

„Formaður kjörinn til eins árs:

Baldvin Zarióh, deildarstjóri Vísinda- og nýsköpunarsvið.

Aðrir í stjórn til tveggja ára:

Ármann Höskuldsson, vísindamaður Raunvísindastofnun,

Íris Davíðsdóttir, rekstrarstjóri Raunvísindastofnun,

Jens Guðmundur Hjörleifsson, lektor Raunvísindadeild,

Sævar Ingþórsson, aðjúnkt Hjúkrunarfræðideild.

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur póstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns og þrjú um aðra stjórnarmenn, það var því ljóst að ekki þarf að kjósa um framboð.

Tillaga um kjörnefndar dags. 13. maí var borin upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Kosning kjörnefndar.

Tillaga stjórnar um kjörnefnd lá fyrir eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Sigríður Jónsdóttir.

Engin mótframboð komu fram og tillaga stjórnar var samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir

Reynir Örn Jóhannesson

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt.

8. Önnur mál.

Undir önnur mál lá tillaga frá Birni Reyni um stofnun deildar skv. 14. gr. laga félagsins. Deildin á að heita Hagstund, sem mun starfa að réttindum stundakennara. Á aðalfundinum lá fyrir tillaga að starfsreglum deildarinnar. Fundarstjóri gaf orðið laust.

Nanna Hlín bað um orðið og lýsti aðstæðum sínum sem stundakennari.

Michael útskýrði að stundakennarar væru ekki félagsmenn í Félagi háskólakennara og félagið hefði einmitt reynt að koma til móts við vanda stundakennara með því að semja um starfsheitið „aðjúnkt II“ sem tryggir félagsaðild og þar með öll réttindi skv. kjarasamningi.

Málið var rætt vítt og breytt og fram kom m.a. að eins og staðan væri í dag þá hefði félagið ekki samningsumboð fyrir þá sem starfa sem stundakennarar. Það er því erfitt fyrir félagið að berjast fyrir réttindum þeirra með öðrum hætti en þeim að fleiri gætu ráðið sig í starfsheitið, aðjúnktar II.

Fundarstjóri las upp tillögu Björns Reynis um stofnun Hagstundar, deild innan Félags háskólakennara til umfjöllunar um málefni stundakennara.

Michael Dal lagði til að málinu yrði vísað til stjórnar, sem taki máli til frekari umfjöllunar, á komandi starfsári. Tillagan var samþykkt og málinu vísað til stjórnar.

Fundarstjóri gaf fráfarandi formanni orðið. Michael þakkaði fundarmönnum fyrir komuna á fundinn. Einnig þakkaði hann stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra félagsins gott samstarf á liðnu starfsári og liðnum árum.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 17:45.

Helga Birna Ingimundardóttir, fundarritari.